

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 403/2009

2021/EES/43/14

frá 14. maí 2009

## um leyfi fyrir efnablöndu með L-valín sem aukefni í fódri

(Texti sem varðar EES) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fódri <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fódur ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndunni sem kemur fram í viðaukanum. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar.
- 3) Umsóknin varðar nýtt leyfi fyrir amínósýrunni L-valín með hreinleika sem er a.m.k. 98%, sem er framleidd með *Escherichia coli* (K-12 AG314) ABP-10640, í aukefnaflokknum „viðbætt næringarefni“, sem fóduraukefni fyrir allar dýrategundir.
- 4) Í álitum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd stofnunin) frá 30. janúar 2008 <sup>(2)</sup> og 18. nóvember 2008 <sup>(3)</sup> kemur fram að amínósýran L-valín með a.m.k. 98% hreinleika hefur ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða umhverfið og er talin gjafi fyrir aðgengilegt valín fyrir allar dýrategundir.

Stofnunin telur að ekki sé þörf á sérstökum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina aukefni í fódri sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 5) Mat á efnablöndunni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar efnablöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMPYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnablandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „viðbætt næringarefni“ og virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fódri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. maí 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 120, 15.5.2009, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/2009 frá 4. desember 2009 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 12, 11.3.2010, bls. 1.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

<sup>(2)</sup> Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2008) 695, bls. 1-21.

<sup>(3)</sup> Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2008) 872, bls. 1-6.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12 % rakainnihald			
<b>Flokkur viðbættra næringarefna. Virkur hópur: aminosýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni</b>									
3c3.7.1	—	L-valín	Samsetning aukefnis: L-valín með a.m.k. 98% hreinleika (miðað við þurrefni) sem er framleitt með <i>Escherichia coli</i> (K-12 AG314) FERM APB-10640 Lýsing á eiginleikum virka efnisins: L-valín (C <sub>5</sub> H <sub>11</sub> NO <sub>2</sub> ) Greiningaraðferð: Aðferð Bandalagsins til að ákvarða aminosýrur (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 <sup>(1)</sup> )	Allar dýrategundir	—	—	—	Tilgreina skal rakainnihald.	3. júní 2019

<sup>(1)</sup> Stjóð. ESB L 54, 26.2.2009, bls. 1.